

Svar

innviðaráðherra við fyrirspurn frá Maríu Rut Kristinsdóttur um vegakerfi og vegaframkvæmdir á Vesturlandi .

1. *Hvernig hyggst ráðherra bregðast við því að þjóðvegir 54, 56 og 60 eru að stórum hluta að verða ónýtir, nú síðast með verulegum bikblæðingum á vegum í febrúarmánuði 2025 og að á sama tíma hefur umferð um þá aukist verulega og fyrir séð er að hún aukist enn á komandi árum?*

Unnið hefur verið markvisst að uppbyggingu vegakerfisins á Vesturlandi og Vestfjörðum á undanförunum árum. Lokið var við að byggja nýjan veg á þjóðvegi 54, Snæfellsnesvegi um Fróðárheiði, árið 2021, unnið er að uppbyggingu Vestfjarðavegar um Gufudalssveit og á árunum 2020–2023 var unnið að uppbyggingu Snæfellsnesvegar um Skógarströnd ásamt byggingu nýrra brúa í stað einbreiðra brúa.

Alls hafa verið lagðir um 55 km af bundnu slitlagi á malarvegi á Vesturlandi (frá Hvalfirði að Gilsfirði) frá árinu 2018. Enn eru þó rúmlega 50 km af Snæfellsnesvegi enn með malar-slitlagi og er áætlað að þeim framkvæmdum geti verið lokið á gildistíma næstu samgöngu-áætlunar.

Umferð hefur vaxið á þjóðvegum á undanförunum árum og stórir hlutar framangreindra vega voru byggðir upp fyrir meira en 30 árum síðan og eru mjórri og burðarminni en vegir sem byggðir eru í dag.

Mikilvægt er að huga að endurbyggingu, breikkun og bættu burðarþoli þeirra vega sem verst eru farnir á næstu árum. Eitt af lykilviðfangsefnum í samgöngumálum á Íslandi sem sett er fram í þingsályktun um samgönguáætlun er uppsöfnuð viðhaldsþörf í samgönguinnsviðum og á það vel við um stöðu vegakerfisins á Vesturlandi.

Að mati ráðuneytisins er veruleg þörf á aukinni fjárfestingu í viðhaldi vega á öllu landinu. Vegagerðin hefur upplýst ráðuneytið um að árleg fjárfesting í viðhaldi þyrfti að vera að lágmarki 20 milljarðar kr. á hverju ári en hefur verið í kringum 12 milljarðar kr. undanfarin ár.

Árið 2025 er gert ráð fyrir að ráðast í eftirfarandi verkefni á Vesturlandi við styrkingu vegakerfisins og miðar það við fjárveitingar til viðhalds þjóðvega í samræmi við fjárlög 2025.

- | | |
|--|---------|
| – Dritvíkurvegur (572), styrking og endurbætur | 2 km |
| – Vestfjarðavegur (60–04), næst Búðardal | 0,4 km |
| – Vestfjarðavegur (60–04), við Gröf | 1,04 km |
| – Vestfjarðavegur (60–08), í Svínadal | 0,8 km |
| – Snæfellsnesvegur (54–12), við Grundarfjörð | 1,6 km |

Alls er því ráðgert að styrkja og endurbæta tæplega 6 km af núverandi vegum á Vesturlandi sumarið 2025 miðað við núverandi fjárveitingar til viðhalds.

Á Vesturlandi og Vestfjörðum er þörf á að endurbyggja um 48 km vega á næstu tveimur árum vegna niðurbrots og aflögunar sem er farin að hafa áhrif á umferðaröryggi. Áætlaður heildarkostnaður við endurbyggingu þeirra er áætlaður á bilinu 3,3–4 milljarðar kr.

Af þeim eru verkefni sem Vegagerðin telur brýnt að ráðast í þegar í stað, alls um 16 km. Ef fjárheimildir leyfðu væri hægt að vinna þau þegar næsta sumar. Verkefnin eru:

- Barðastrandavegur (62–4), Kleifarheiði 2 km
- Bildudalsvegur (63–02), Tálknafjarðarbotn 1,9 km
- Útnesvegur (574–09), innkoma í Ólafsvík 0,4 km
- Snæfellsnesvegur (54–12), Grundarfjörður 1,8 km
- Bildudalsvegur (62–05), við Höfða 1,2 km
- Vestfjarðarvegur (60–04), Erpsstaðir – Haukdalsá 7,3 km
- Melasveitarvegur (505–01) 1,2 km

Þá eru nokkur stærri endurbyggingaverkefni sem þarfnast meiri undirbúnings og nauðsynlegt er að ráðast í fljótt til þess að bregðast við ástandinu á Vesturlandi og Vestfjörðum. Þessi verkefni gætu hafist á árunum 2025–2026 og eru samtals um 32,5 km:

- Stykkishólmsvegur (58–01), Stykkishólmur 3,22 km
- Vestfjarðarvegur (60–10), Saurbær 1,3 km
- Bildudalsvegur (63–02), Miklidalur 6 km
- Snæfellsnesvegur (54–12), Grundarfjörður 1,8 km
- Bildudalsvegur (62–05), Höfði – Raknadalshlíð 1,2 km
- Snæfellsnesvegur (54–04), Kaldármelar – Dalsmynni 19 km

Til lengri tíma er það metið þjóðhagslega hagkvæmt að vegir þar sem umferð er meiri en 2.500 ökutæki á sólarhring séu lögð malbiki í stað klæðingar. Á Vestfjörðum og Vesturlandi eru alls um 50 km af vegum þar sem umferð hefur náð þessum hæðum en enn eru lagðir klæðingu. Á síðustu árum hafa einungis um 4 km af nýjum köflum verði lagðir með malbiki á Vesturlandi. Stofnkostnaður malbiks er um fimm sinnum hærri en klæðingar og því ljóst að átak í lagningu malbiks mun krefjast fjármuna.

Árið 2024 voru endurnýjuð slitlög með yfirlögnum á klæðingum alls um 79,5 km, þar af voru 29 km á Vestfjarðarvegi í Dölum og Reykhólasveit, samtals um 556.000 m². Kostnaður við yfirlagnir á Vestursvæði voru um 1.300 millj. kr. árið 2024.

Gert er ráð fyrir að ráðstafa um 1.100 millj. kr. til endurnýjunar bundinna slitlaga á Vesturlandi og Vestfjörðum árið 2025. Fyrir það fjármagn er mögulegt að klæða um 55 km eða um 380.000 m². Til samanburðar er mat á áætlaðri þörf á yfirlögnum um 153 km á hverju ári eða um 1.000.000 m².

2. *Telur ráðherra ástæðu til að endurskoða mat fyrri ráðherra er kemur fram í svari á þingskjali 1908 á 154. löggjafarþingi þar sem m.a. segir: „Að svo stöddu hafa ekki komið fram upplýsingar sem réttlæta breytingu á forgangsörðun vegaframkvæmda í samgönguáætlun“? Hyggst ráðherra endurskoða forgangsörðun vegaframkvæmda á Vesturlandi? Ef svo er, með hvaða hætti?*

Ráðherra mun leggja fram endurskoðaða samgönguáætlun á haustþingi og við þá endurskoðun er hann óbundinn af fyrra mati er kemur að forgangsörðun vegaframkvæmda í gildandi samgönguáætlun. Með nýrri samgönguáætlun mun forgangsörðun vegaframkvæmda vera endurskoðuð, en hvort sú endurskoðun muni leiða til breyttrar forgangsörðunar vegaframkvæmda á eftir koma í ljós við framlagningu samgönguáætlunar á Alþingi á næsta löggjafarþingi.

Það ber að taka fram að á þeim tíma sem umræddri fyrirspurn var svarað var til umfjöllunar tillaga til þingsályktunar um samgönguáætlun 2024–2038 í umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis. Niðurstaðan varð sú að sú tillaga var ekki afgreidd af Alþingi.

Forgangsröðun verkefna sem birtust í tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun 2024–2038 byggði á fjárveitingum sem tóku mið af samþykktri fjármálaáætlun Alþingis 2024–2028. Sú fjármálaáætlun gerði ráð fyrir fjárfestingu til framkvæmda á vegakerfinu 26,5–27,7 milljarðar kr. á ári á árunum 2024–2028, þar af var ráðgert að fjárfesta í viðhaldi fyrir um 12,8 milljarða kr. á árunum 2024 og 2025.

Á árunum 2024–2026 var stór hluti verkefna þegar skuldbundinn í framkvæmdum sem voru hafnar og því ekki mögulegt að breyta forgangsröðun innan ramma fjármálaáætlunar og auka fjárfestingar í viðhald eða færa verkefni á síðari tímabilum fram, svo sem endurbyggingu og breikkun Vestfjarðavegar og Snæfellsnesvegar.

Í svari fyrri ráðherra frá 2024 kemur jafnframt fram að „í tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun 2024–2038 var gert ráð fyrir endurbyggingu og breikkun Vestfjarðavegar frá Reykjadalssá að Haukadalsá og um Reykhólasveit, alls um 25 km langir kaflar, á 2. og 3. tímabili áætlunarinnar. Þá var gert ráð fyrir endurbyggingu og breikkun Snæfellsnesvegar frá Brúarhrauni að Dalsmynni, alls um 19 km kafla á árunum 2034–2038. Ekki var mögulegt að koma þessum framkvæmdum fram miðað við ramma fjármálaáætlunar sem þó hefði verið æskilegt m.t.t. ástands veganna.“

Á undanförunum árum hefur uppbygging vegakerfisins á Vestfjörðum verið í forgangi eins og fram kemur í nágildandi samgönguáætlun. Í fjárlögum fyrir árið 2025 eru um 13 milljarðar kr. til ráðstöfunar til nýframkvæmda á öllu landinu. Stór framkvæmdaverkefni eru í gangi á Vestfjarðavegi í Gufudalssveit, á Vestfjarðavegi um Dynjandisheiði og á Vestfjarðavegi um Skálmardalsá og Fjarðarhornsa þar sem tvær einbreiðar brýr sem voru hættulegar og með takmarkaða burðargetu eru endurnýjaðar. Ráðgert er að fjárfestingar í framangreindum verkefnum á Vestfjarðavegi verði um 3,5–4 milljarðar kr. árið 2025 eða um 25–30% af heildarfjárfestingu í nýframkvæmdum í vegagerð á árinu.

Eins og kemur fram í svari fyrri ráðherra þá fer mat á ástandi vegakerfisins fram með reglulegum hætti og er fjárveitingum til viðhalds á vegakerfinu skipt með hliðsjón af því. Gera má ráð fyrir að í nýrri samgönguáætlun sem verður lögð fram á haustþingi 2025 verði tekið mið af stefnumörkun ríkisstjórnarinnar um að auka fjárfestingu í innviðum til að auka verðmætasköpun og vinna á viðhaldsskuld í vegakerfinu.